# ALMENN HUGTÖK Í ICF
## HUGMYNDAFRÆÐI OG FLOKKUNARKERFI

| Íslensk útgáfa | Ensk útgáfa |
|---|---|
| **VELFERÐ** | **WELL-BEING** |
| Velferð er almennt hugtak og spannar öll svið mannlífsins. Sá sem býr við líkamlega, andlega og félagslega velferð er talinn lifa „góðu lífi“. Heilsa er eitt af undirsviðum mannlífsins. | Well-being is a general term encompassing the total universe of human life domains, including physical, mental and social aspects that make up what can be called a “good life”. Health domains are a subset of domains that make up the total universe of human life. |
| **HEILBRIGÐISÁSTAND OG HEILSUSVIÐ** | **HEALTH STATES AND HEALTH DOMAINS** |
| Heilbrigðisástand er stig færni á tilteknu heilsusviði innan ICF. Heilsusvið lúta að þeim þáttum í mannlífsins sem eru túlkaðir út frá heilbrigðissjónarmiði og falla alla jafna innan ábyrgðarsviðs heilbrigðiskerfisins. ICF dregur ekki skýra markalínu milli heilsusviða og heilsutengdra sviða. Þar kann því að vera þar grátt svæði eftir því hvaða skilningur er lagður í heilsu og þá heilsutengda þætti sem eru kortlagðir í ICF | A health state is the level of functioning within a health given domain of ICF. Health domains denote areas of life that are interpreted to be within a “health” notion, such as those which, for health systems purposes, can be defined as the primary responsibility of the health system. ICF does not dictate a fixed boundary between health and health-related domains. There may be a gray zone depending on different conceptualizations of health and health-related elements which can then be mapped onto the ICF domains. |
| **HEILBRIGÐISTENGT ÁSTAND OG HEILSUSTENGD SVIÐ** | **HEALTH-RELATED STATES AND HEALTH-RELATED DOMAINS** |
| Heilbrigðistengt ástand er stig færni á tilteknu heilsutengdu sviði innan ICF. Heilsutengd svið lúta að þeim þáttum færni sem alla jafna falla ekki innan ábyrgðarsviðs heilbrigðiskerfisins þrátt fyrir að hafa sterka tengingu við heilsufar. Venjulega er séð fyrir þessum þáttum af öðrum þjónustukerfum sem einnig stuðla að almennri velferð. ICF nær eingöngu til þeirra þátta velferðar sem tengjast heilsu á einhvern máta. | A health-related state is the level of functioning within a given health-related domain of ICF. Health-related domains are those areas of functioning that, while they have a strong relationship to a health condition, are not likely to be the primary responsibility of the health system, but rather of other systems contributing to overall well-being. In ICF only those domains of well-being related to health are covered. |
| **HEILSUFAR** | **HEALTH CONDITION** |
| Heilsufar er regnhlífarhugtak fyrir sjúkdóma (bráða og langvinna), röskun, skaða eða áfall. Heilsufar getur einnig átt við kringumstæður eins og þungun, öldrun, streitu, meðfædda vansköpun eða arfgenga tilhneigingu. Heilsufar er kóðað með ICD-10. | Health condition is an umbrella term for disease (acute or chronic), disorder, injury or trauma. A health condition may also include other circumstances such as pregnancy ageing, stress, congenital anomaly, or genetic predisposition. Health conditions are coded under ICD-10. |
| **FÆRNI** | **FUNCTIONING** |
| Færni er regnhlífarhugtak fyrir líkamsstarfsemi, líkamsbyggingu, athafnir og þátttöku. Færni gefur til kynna jákvæða víxlverkun milli einstaklings (sem býr við ákveðið heilsufar) og aðstæðna hans (umhverfisþættir og einstaklingsbundnir þættir). | Functioning is an umbrella term for body functions, body structures, activities and participation. It denotes the positive aspects of the interaction between an individual (with a health condition) and that individual’s contextual factors (environmental and personal factors). |
| | |

| FÖTLUN | DISABILITY |
|---|---|
| Fötlun er regnhlífarhugtak fyrir skerðingar, hömlun við athafnir og takmarkaða þátttöku. Fötlun gefur til kynna neikvæða víxlverkun milli einstaklings (sem býr við ákveðið heilsufar) og aðstæðna hans (umhverfisþættir og einstaklingsbundnir þættir). | Disability is an umbrella term for impairments, activity limitations and participation restrictions. It denotes the negative aspects of the interaction between an individual (with a health condition) and that individual's contextual factors (environmental and personal factors). |
| **LÍKAMSSTARFSEMI** | **BODY FUNCTIONS** |
| Líkamsstarfsemi er lífeðlisfræðileg starfsemi líkamskerfa, sálræn starfsemi meðtalin. "Líkami" vísar til manneskjunnar í heild sem lifandi veru og nær því líka yfir heilann. Þar af leiðandi fellur hugarstarf (og sálræn starfsemi) einnig undir líkamsstarfsemi. | Body functions are the physiological functions of body systems, including psychological functions. "Body" refers to the human organism as a whole, and thus includes the brain. Hence, mental (or psychological) functions are subsumed under body functions. |
| **LÍKAMSBYGGING** | **BODY STRUCTURES** |
| Líkamsbygging er hinir líffærafræðilegu hlutar líkamans eins og líffæri og útlimir og einingar þeirra. | Body structures are the structural or anatomical parts of the body such as organs, limbs and their components. |
| **ATHAFNIR** | **ACTIVITIES** |
| Athöfn er verk eða gjörð sem einstaklingur innir af hendi. | Activity is the execution of a task or action by an individual. |
| **ÞÁTTTAKA** | **PARTICIPATION** |
| Þátttaka er félagsleg aðild einstaklings að daglegu lífi. | Participation is involvement in a life situation. |
| **UMHVERFISÞÆTTIR** | **ENVIRONMENTAL FACTORS** |
| Umhverfisþættir eru hinar efnislegu, félagslegu og skoðanamótandi aðstæður sem fólk býr við. Þessir þættir eru utan við einstaklinginn og geta haft jákvæð eða neikvæð áhrif á framkvæmdir hans í samfélaginu, getu til að inna af hendi verk eða gjörðir, líkamsstarfsemi eða líkamsbyggingu. | Environmental factors make up the physical, social and attitudinal environment in which people live and conduct their lives. These factors are external to individuals and can have a positive or negative influence on the individual's performance as a member of society, on the individual's capacity to execute actions or tasks, or on the individual's body function or structure. |
| **EINSTAKLINGSBUNDNIR ÞÆTTIR** | **PERSONAL FACTORS** |
| Einstaklingsbundnir þættir mynda hinn persónulega bakgrunn í lífi hvers einstaklings og eru ekki hluti af heilsufari eða heilbrigðisástandi. | Personal factors are the particular background of an individual's life and living, and comprise features of the individual that are not part of a health condition or health states. |
| **SKERÐINGAR** | **IMPAIRMENTS** |
| Skerðingar eru vandamál tengd líkamsstarfsemi eða líkamsbyggingu, það er merkjanleg frávik eða vöntun. | Impairments are problems in body function or structure as a significant deviation or loss. |
| **HÖMLUN VIÐ ATHAFNIR** | **ACTIVITY LIMITATION** |
| Hömlun við athafnir er erfiðleikar einstaklings við að inna af hendi verk eða gjörðir. | Activity limitations are difficulties an individual may have in executing activities. |
| **TAKMÖRKUÐ ÞÁTTTAKA** | **PARTICIPATION RESTRICTION** |
| Takmörkuð þátttaka er erfiðleikar sem einstaklingur upplifir í tengslum við félagslega aðild að daglegu lífi. | Participation restrictions are problems an individual may experience in involvement in life situations. |
| | |

| GETA | CAPACITY |
|---|---|
| Geta er hugsmíð sem er notuð sem skýrivísir og gefur til kynna mestu mögulegu færni sem einstaklingur getur náð á sviði athafna og þátttöku á hverjum tíma. Geta er mæld í samræmdu eða stöðluðu umhverfi og endurspeglar því hæfni einstaklingsins í umhverfi sem er lagað að honum. Þessu samræmda eða staðlaða umhverfi er lýst með umhverfisþáttum. | Capacity is a construct that indicates, as a qualifier, the highest probable level of functioning that a person may reach in a domain in the Activities and Participation list at a given moment. Capacity is measured in a uniform or standard environment, and thus reflects the environmentally adjusted ability of the individual. Environmental Factors can be used to describe the features of this uniform or standard environment. |
| **FRAMKVÆMD** | **PERFORMANCE** |
| Framkvæmd er hugsmíð sem er notuð sem skýrivísir og lýsir því sem fólk gerir í því umhverfi sem það býr við. Framkvæmd tengist því félagslegri aðild einstaklingsins að daglegu lífi. Umhverfi einstaklingsins er lýst með umhverfisþáttum. | Performance is a construct that describes, as a qualifier, what individuals do in their current environment, and so brings in the aspect of a person’s involvement in life situations. The current environment is also described using the Environmental Factors component. |
| **HVATI** | **FACILITATOR** |
| Hvatar eru þættir í umhverfi einstaklings sem ýta undir færni og draga úr fötlun. | Facilitators are factors in a person’s environment that, through their absence or presence, improve functioning and reduce disability. |
| **HINDRUN** | **BARRIER** |
| Hindranir eru þættir í umhverfi einstaklings sem draga úr færni og ýta undir fötlun. | Barriers are factors in a person’s environment that, through their absence or presence, limit functioning and create disability. |

Apríl 2013